# Skilablað – Skipulagsstofnun, nýtt húsnæði

## Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: **„Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“.** Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **„skilagrein“** eða **„skilablað“** til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguhúsnæði (leiguverkefni).

## 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar Skipulagsstofnun sem var til húsa við Laugaveg 164–166. Tekin var sú ákvörðun að flytja starfsemi stofnunarinnar annað og flytja starfsemi ríkisskattstjóra í Hafnarfirði í húsnæði stofnunarinnar.

Verkbeiðni barst frá Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur, forstjóra Skipulagsstofnunar, í mars 2014, um að leita að nýju húsnæði fyrir stofnunina.

Verkefnastjórar frá Framkvæmdasýslu ríkisins voru Róbert Jónsson, auk Arnar Baldurssonar og Gíslínu Guðmundsdóttur.

## 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að finna nýtt húsnæði fyrir stofnunina. Staðsetning verkefnis var hjá Skipulagsstofnun.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

## 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0078.

## 4 Framvinda

FSR vann þarfagreiningu fyrir verkefnið. Niðurstaða greiningarinnar var að nauðsynleg stærð húsnæðis væri um 780 $m^2$.

Skoðuð voru eftirfarandi þrjú hús í eigu ríkissjóðs:

- Austurströnd 5 á Seltjarnarnesi,
- Suðurgata 14 í Hafnarfirði,
- Rauðarárstígur 10 í Reykjavík.

Í vettvangskönnun tóku eftirtaldir aðilar þátt:

- Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar,
- Stefán Guðmundsson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
- Hafsteinn Pálsson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
- Hrafn Hlynsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti,
- Örn Baldursson, FSR,
- Róbert Jónsson, FSR.

Niðurstaða könnunarinnar var í stuttu máli sú að ekkert af húsunum þóttu uppfylla skilyrði Skipulagsstofnunar um gæði húsnæðis.

## 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 269.500 kr.

## 6 Niðurstaða verkefnis

Engin niðurstaða varð af verkefninu þar sem það fór í bið og fór svo að stofnað var nýtt verknúmer um verkefnið þegar það fór aftur af stað. Nýja verknúmerið er 633 0083.

## 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

## 8 Verklok

Verklok voru engin þar sem verkefnið lenti í bið og síðan var stofnað annað verknúmer fyrir það, 633 0083.

## 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðir staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur

Róbert Jónsson verkefnastjóri